



## Fundargerð

12. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands kl. 10:30 fimmtudaginn 7. maí 2020, sem er fjarfundur að þessu sinni.

### Boðaðir:

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands  
Björg Árnadóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf  
Kristín Jóhannsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands  
Grétar Ingi Erlendsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga  
Kristín Ýr Hrafnkelsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands  
Ólafur Páll Vignisson, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu  
Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands  
Ása Valdís Árnadóttir, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga  
Helgi Kjartansson – áheyrnarfulltrúi Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga

### Forfallaðir:

Grétar Ingi Erlendsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnhildur Sveinbjarnardóttir.

### Dagskrá:

#### Kynning á verkefni með Tjarnargötunni

Framkvæmdastjóri kynnir nýtt verkefni sem byggir á lausn frá Tjarnargötunni og snýst um aðgang að myndböndum og myndum af stöðum og afþreyingu á svæðinu. Framkvæmdastjóri sýnir myndband sem kynnir verkefnið betur og helstu virkni. Þá er kynntur kostnaður við verkefnið og mögulegar útfærslur á fjármögnun. Búið að ræða við formann og framkvæmdastjóra SASS og faghóp sveitarfélaganna. Umræða fer fram um lausnina og ákveður stjórn að viðbótarframlag sem kom frá Ferðamálastofu nú í vor fari í þetta verkefni. Það er að því gefnu að farið verði í verkefnið og það náist að fjármagna það að fullu. Einnig þarf þetta að vera unnið heildstætt fyrir landið.

#### Staða verkefna

Framkvæmdastjóri fer stuttlega yfir stöðu verkefna sem eru í gangi.

- Samtal við Íslandsstofu er reglulegt, t.d. er verið að vinna að „webinar“ um matartengda ferðaþjónustu og annað varðandi kynningu á landshlutanum.
- Verið er að vinna með SASS að áhersluverkefninu Sóknarfæri ferðaþjónustunnar sem er liður í viðbragðsaðgerðum vegna Covid. Haldnir hafa verið kynningafundir innan svæðisins ásamt

öðrum undirbúningi fyrir verkefnið, þar sem Markaðsstofan mun leiða markaðssetningarhluta verkefnisins.

- MAS hefur verið í samtali við SAF og verið að skoða að halda reglulega fundi með þeim.
- Vinna með verkefnahópum í faghóp sveitarfélaganna að ýmsum verkefnum, t.d. vinna ferðahugmyndir fyrir innanlandsmarkað fyrir sumarið sem liður í undirbúningi fyrir innanlandsátakið.

Fundi slitið kl. 11:30